

Útskriftarræða V23

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir

Kæru kennarar, starfsmenn, samnemendur og aðrir gestir. Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir heiti ég og fékk ég þann heiður að halda ræðu fyrir hönd útskriftarnema í ár.

Ég vil byrja á því að óska öllum útskriftarnemum sem hér sitja til hamingju með áfangann og þakka ykkur hinum kærlega fyrir að koma og gleðjast með okkur. Satt að segja var ég nú ekki alveg með skíran hug þegar ég samþykkti það að halda þessa ræðu þar sem Agnes námsráðgjafi náði einhvern vegin að tala mig inn í það á dimmiteringunni, og allir vita hvað gerist á dimmiteringum.

Seinustu þrjú ár hafa verið allskonar rússíbanar og margt gerst á þeim, en fyrst og fremst þá stundaði ég nám við framhaldsdeildina á Patreksfirði og er skóla gangan mín búinn að vera þínu öðruvísi en hjá þeim sem búa hér á nesiinu. Þar sem við fyrir vestan höfum nokkurn vegin stundað nám í fjarnámi, síðan Covid kom. En annars er andinn á Patró góður, þó að það eru mjög fáir krakkar þar en við látum það ekki trufla okkur, við skiptum um umsjónar kennara þrisvar sinnum því við vorum nú kannski ekki skemmtilegustu krakkarnir, en að lokum fengum við hana Svanhvíti og er búið að vera ótrúlega gaman að fá að hafa hana sem loka umsjónarkennarann okkar, og vil ég þakka þér fyrir það Svanhvít.

Við byrjum náttúrulega á því að það var samkomubann þegar skólinn byrjar og var það eiginlega í gangi alla busa gönguna okkar. Og fórum við Vestfirðingar bara einu sinni til Grundarfjarðar, og guð sé lof að það eru ekki til neinar myndir að mér, því guð minn góður, en margt hefur breyst frá þeim tíma. En við fengum þó alla vega árshátíð, þó henni hafi verið fært fram um ein dag því eftir miðnætti var sett samkomubann um 10/20 manns, man ekki alveg. En það er svona eini viðburðurinn sem ég man eftir á busa göngu okkar. Næsti vetur var bara nokkurn vegin alveg eins út af þessari blessuðu veiru, en við fengum þó að fara í aðeins fleiri heimsóknir á nesið, og við loksins fengum að upplifa busun.

Svo má maður nú ekki gleyma Berlínar ferðinni, þó maður hafi gleymt þínu eftir því hvað gerðist í henni, en það skiptir svo sem ekki máli. Við fyrir vestan fengum að kynnast krökkunum hér aðeins betur og voru þau ekkert svo ólík okkur.

En veturinn í vetur er aftur á móti búinn að vera helvíti góður. Sumir okkar fóru til Tékklands, og guð má vita hvað gerðist þar. Við fengum að fara í enn fleiri heimsóknir hingað á nesið, og þar fengum við aftur á móti að kynnast 06 krökkunum og ég skil eiginlega ekki hvernig heila starfsemin þeirra virkar, sumar minningar voru mis blurry og sumar minningar ekki til staðar.

En annars eru þessi þrjú ár búinn að vera ótrúlega skemmtileg. Við fengum að læra með æðislegum kennurum og voru verkefnin mis erfið, því það segja allir að FSN er mjög léttur skóli, jú jú hann er alveg léttur en það fer líka allt eftir áföngunum til dæmis saga hjá Sólrúnu og seinasti íslensku áfanginn hjá Ernu, þeir voru brutal að mínu mati. Að hafa fengið að læra hér í þessum skóla er búið að vera ótrúlega gaman og mæli ég eindregið með fyrir aðra krakka að koma í FSN. Ég er nú samt eiginlega ekki tilbúin að sleppa skólanum en maður þarf að gera, en að þessu loknu segi ég bara takk fyrir mig.